**Nd. 465. Nefndarálit**

í málinu: Frumvarp til heimildarlaga fyrir landsstjórnina til að láta byggja varnargarð á Siglufjarðareyri.

Fjáraukalaganefnd háttv. deildar hafði mál þetta á sínum tíma til meðferðar, og taldi nauðsyn á varnargarði, þeim er í frv. getur. Sakir þess, hversu skamma setu þetta þing mun eiga úr þessu, leggur nefndin til, að háttv. deild vísi þessu máli til stjórnarinnar, og væntir nefndin þess, að stjórnin geri, svo fljótt sem unt er, ráðstafanir til þess, að hefta skemdir af sjávarágangi á Siglu-

fjarðareyri. Landið er kirkjueign, og því sjálfsagt. að landsstjórnin sjái um það, eftir föngum, að skemdum á því verði varnað.

Alþingi 10. ágúst 1914.

| | | |
|---|---|---|
| G. Eggerz. | Matth. Ólafsson, formaður. | Einar Arnórsson, skrifari. |

Björn Kristjánsson. Sigurður Sigurðsson.